



KJÖLFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 600 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | 1. tölublað | 20. árgangur



ORLOFSBLAÐ 2024

Orlofsvefur verður opnaður kl. 10 þann 2. apríl fyrir bókanir á tímabilinu 31. maí til 6. september á Mínum síðum á vef Kjalar



Opnað fyrir umsóknir 2. apríl

fyrstur kemur - fyrstur fær

Klukkan tíu þann 2. apríl verður opnað fyrir umsóknir félagsmanna um orlofshús og orlofsíbúðir Kjalar fyrir sumarorlofs-tímabilið 31. maí til og með 6. september. Sú regla gildir við úthlutun að fyrstur kemur – fyrstur fær.

Þrátt fyrir að punktakerfi sé ekki lengur grundvöllur úthlutana er það engu að síður virkt og áfram verður haldið utan um punktastöðu félagsmanna og punktastöfnun. Hvort það verður aftur nýtt sem grunnur úthlutunar ræðst af því

hvernig reynsla verður af þessu nýja úthlutunarkerfi sem í fyrsta sinn var stuðst við í fyrra og hefur reynst vel.

Úthlutunarkerfið fyrstur kemur – fyrstur fær gildir utan sumarorlofstímabilsins með sama hætti og áður. Opið er fyrir yfirstandandi mánuð og þrjá mánuði fram í tímann til bókana. Þann 1. júní opnast bókanir fyrir septembermánuð, þann 1. júlí fyrir októbermánuð og þannig koll af kolli.

Stakir dagar og gæludýr

Vakin er athygli á að eftirtaldar orlofs-eignir eru leigðar út staka daga:

- Ásheimar í Reykjavík
- Sóltún 30, Reykjavík
- Lækjarsmári í Kópavogi
- Stekkjarhóll 63, Munaðarnesi
- Eyrarhlíð 37, Munaðarnesi
- Vörðúas 20, Munaðarnesi
- Hómatún 7, Akureyri
- Eiðar 7, Fljótssdalshéraði

Gæludýr eru leyfð í í Lyngási í Biskups-tungum og Ásenda 6 í Húsafelli.

Orlofseignasafnið stokkað upp

Félagsfólk Kjalar hefur nú aðgang að alls 24 orlofseignum vítt um land. Sé þessum fjölda deilt niður á fjölda félagsmanna sést að 87 félagsmenn eru um hverja eign og er framboðið því með því mesta sem gerist hjá stéttarfélögum.

Orlofseignir Kjalar eru margar mjög vel nýttar árið um kring en sumar umtalsvert minna, svo sem við er búast. Stöðugt þarf að huga að endurnýjun og viðhaldi eignanna, sem og að framboð sé í takti við áhuga félagsmanna og eftirspurn.

Að undanfögnu hefur verið unnið að mati á ástandi eigna og valkostum til að þróa orlofshúsakerfið áfram. Í framhaldi af þeirri vinnu hefur verið tekin ákvörðun

um um að orlofshúsið í Úlfstaðaskógi á Fljótssdalshéraði verði selt, sömuleiðis orlofshúsið í Húsafelli en bæði þarnast þessi hús umtalsverðs viðhalds.

Sömuleiðis verða 2-3 hús í Munaðarnesi seld en jafnframt ráðist í umtalverðar endurbætur á þeim húsum sem Kjölur verður áfram með í Munaðarnesi. Svo sem félagsmönnum er kunnugt hefur félagið nýlega lokið viðamiklum framkvæmdum í Reynihlíð í Munaðarnesi sem hafa fengið mikið lof hjá félagsmönnum. Áfram verður því haldið á þeirri braut.

Jafnframt þessu hefur verið ákveðið að fjölga um eina orlofsíbúð í Reykjavík jafnframt því að hugað verður að sölu

eldri íbúða og kaupum á nýrri íbúðum í þeirra stað.

Loks ber þess að geta að hitaveitu-framkvæmdir standa nú yfir á Eiðum á Fljótssdalshéraði þar sem félagið á þrjú orlofshús. Áformað er að húsinn verði tengd hitaveitu frá 1. júlí 2024 og sömuleiðis verða þá heitir pottar komnir upp við húsinn. Þetta breytir sannarlega miklu um nýtingu húsanna á Eiðum sem verða nú til úthlutunar árið um kring.

Allar eignir félagsins eru til úthlutunar á orlofsvef félagsins en félagsmenn eru beðnir að sýna því skilning ef framan-greindar eignir verða seldar á næstu mánuðum. Upplýsingar þar um munu þá birtast á orlofsvefnum og vef Kjalar.



Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í
almannajónustu

Skipagötu 14, þriðju hæð | 600 Akureyri
Sími 525 8383
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is

Orlofsnefnd:

Arna Jakobína Björnsdóttir
Berglind Eva Ólafsdóttir
Gunnar Björn Rögnvaldsson
Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingunn Jóhannsdóttir
Lára Guðný Þorvaldsdóttir
Ómar Örn Jónsson

Ábyrgðarmaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Umsjón og uppsetning:

Ritform ehf., Akureyri

Forsíðumynd:

Ófærufoss í Eldgjá / Arna Jakobína Björnsdóttir

Baksíðumynd:

Langsjór séð af Sveinstindi / Arna Jakobína Björnsdóttir

Fljúgðu á lægra verði

Félögum standa til boða hagstæð gjafabréf sem hægt er að nota sem greiðslu upp í fargjald, hvort heldur er í innanlandsflugi eða millilandaflugi með Icelandair.

Gjafabréfin er hægt að kaupa hvenær sem er á orlofsvef Kjarar.



Gildistími	Allt að fimm ár
Punktar	12
Verðgildi	50.000 kr.
Verð	30.000 kr.

Kaupa

Gistu á góðu hóteli

Á orlofsvef Kjarar geta félagar keypt gjafabréf á góðu verði hjá hótélkeðjum Íslandshótela og Keahótela.



Gildistími	Allt að fimm ár
Punktar	3
Verðgildi	20.000 kr.
Verð	14.500 kr.

Kaupa



Gildistími	Allt að fimm ár
Punktar	3
Verðgildi	20.000 kr.
Verð	14.500 kr.

Kaupa

„Orlof að eigin vali“

Í ár mun félagið verja allt að kr. 4.500.000 kr. í „Orlof að eigin vali.“ Til úthlutunar verða 150 slíkir styrkir, hver að upphæð kr. 30.000, og er styrkloforðum úthlutað í kjölfar umsókna. Við úthlutun verður tekið tillit til þess hvort félagsmaður hefur áður fengið úthlutuðu orlofi að eigin vali og félagsaldurs.

Einungis er hægt að sækja um rafrænt á orlofsvef félagsins á tímabilinu 2.-15. maí.

Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu eða eru í vandræðum með að sækja um í gegnum orlofsvefinn geta fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

Eftirfarandi reglur gilda um fyrirkomulag „Orlofs að eigin vali“:

- Greitt er fyrir gistingu, t.d. hótél, gistihús og tjaldstæði.
- Greitt er vegna leigu á hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagni.
- Greitt er vegna hvala- og fuglaskoðunar, skipulagðra hópferða, hestaferða og siglinga.
- Greitt er vegna fargjalda í flugi, ferða með rútu eða ferju.
- Greitt er vegna kostnaðar við skipulagðar gönguferðir með viðurkenndum ferðapjónustuaðilum.

Ekki er greitt vegna:

- Ekkert greitt fyrir orlofshús sem leigð eru af orlofsvef Kjarar stéttarfélags og annarra stéttarfélaga.
- Ekki er greitt fyrir flugávisanir eða flugggjafabréf.
- Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matarútgjöldum, bensíni og/eða almennum ferðakostnaði.
- „Orlof að eigin vali“ gildir fram til 20. desember á úthlutunarári. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að framvísa reikningum fyrir þann tíma til að fá endurgreitt. Orlofsávisun gildir eingöngu fyrir orlofsdvöl á almanaksárinu 2024.


Dregnir verða 18 punktar af félagsmönnum við úthlutun. Greiðsla styrksins fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

Senda skal reikninga vegna „Orlofs að eigin vali“ á kjolur(hjá) kjolur.is og er mikilvægt að skrá inn réttar upplýsingar á Mínan síður, bankareikning og tengiliðaupplýsingar.



REYKJAVÍK

Ásheimar



Ásheimar er þriggja herbergja íbúð á tíundu hæð í Sólheimum 25. Í henni eru rúmstæði fyrir sex manns, hjónarúm (180x200), eitt hjónarúm sem hægt er að taka í sundur (180x200) og koja (90x200) fullorðins, ferðabarnarúm 90x120 (ekki rúmföt) og tvær lausar dýnur. Sex sængur og koddar fylgja. Rúmfatnaður fyrir sex er innifalinn í leiguverði.

Íbúðin er búin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Rúmföt, diskapurrkur og borðklútar fylgja.

Íbúðirnar í Sólheimum eru vel staðsettar í höfuðborginni, stutt er í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Laugardalslaug, Grasagarðinn, verslanir, þjónustufyrirtæki og veitingastaði, t.d. í miðborginni, í Skeifunni og verslunarmiðstöðinni í Glæsibæ.

Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði/dýnur*	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Baðkar	Sturt	Þvottavél/purkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar
Ásheimar	102	2	6/2d	6	já	já	já/já	já	já	já/já	nei	já	Stakir d.
Jötunheimar	102	3	6/2d	6	já	já	já/já	já	já	já/já	nei	já	fös
Hulduheimar	79	2	4/2d	4	já	já	já/já	nei	já	já/já	nei	já	fös
Pétursheimar	79	2	4/2d	8	já	já	já/já	nei	já	já/já	nei	já	fös
Sóltún 30	85	2	4	4	nei	já	já/já	Já	já	já/já	já	já	Stakir d.

*2d, 3d, 4d = tvær, þrjár eða fjórar dýnur til að leggja á gólf.

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum íbúðum.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá íbúðunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í íbúðunum.

Hulduheimar, Pétursheimar og Jötunheimar



Hulduheimar



Pétursheimar



Jötunheimar



Í fjölbýlishúsinu við **Sólheima 27** á orlofssjóður Kjalar þrjár íbúðir. Á níundu hæð eru tvær þriggja herbergja íbúðir, **Hulduheimar** og **Pétursheimar**, og í hvorri eru rúmstæði fyrir fjóra (tvö rúm: 140x200 og 180x200), barnarúm og tvær dýnur til að hafa á gólf. Íbúðirnar eru með öllum nauðsynlegum húsbúnaði og fylgja rúmföt,

diskapurrkur og borðklútar við útleigu. Báðar hafa íbúðirnar verið endurbættar síðustu ár, bæði hvað varðar innréttingar og húsgögn.

Hulduheimar er til almennrar úthlutunar þegar hún er ekki nýtt sem slík.

Á 4. hæð er fjögurra herbergja íbúð, **Jötunheimar**, með rúmstæðum fyrir átta

Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Ásheimar: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur: kr. 2.000.

Hulduheimar, vika: kr. 31.000

Pétursheimar, vika: kr. 31.000

Jötunheimar, vika: kr. 31.000

Sóltún 20: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 2.000.


manns. Tvíbreitt rúm er í hjónaherbergi og kojur í tveimur herbergjum, þ.e.

120x200 neðri kojur og 90x200 efri kojur.

Sóltún 30

Rúmgóð íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi. Góð staðsetning í borginni. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi (180x200) og hitt með hjónarúmi (160-200) ásamt ferðabarmarúmi (90x120)

Hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, borðklúta, gólfuskur, salernispappír og þess háttar.





KÓPAVOGUR


Lækjasmári 4



Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Lækjasmári 4: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur: kr. 2.000.

Vel búin íbúð með þremur herbergjum á annarri hæð fjölbýlishússins. Frábær staðsetning, örstutt í Smáratorg, verslunarmiðstöðina Smáralind, veitingastaði og aðra þjónustu í hverfinu.



Hús og búnaður

 Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/þurkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar
Lækjasmári 4	95	3	6	8	f. 6	já	já/já	já	já/já	nei	já	Stakir d.

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir íbúðinni.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá íbúðinni að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í henni.





HÚSAFELL

Ásendi 6

Húsafell er veðursæll og vinsæll sumar- og vetrardvalarstaður þar sem eru sundlaug, verslun og veitingasala, golfvöllur og ýmis önnur þjónusta og afþreying. Margt skemmtilegt að skoða og njóta á svæðinu og í næsta nágrenni. Bústaðurinn er hinn vandaðasti og í honum eru þrjú herbergi með svefnrýmum, auk svefnsófa í stofu. Gæludýr eru leyfð.

Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Ásendi 6, vika: kr. 31.000



Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar	Pottur
Ásendi 6	55	3	8 /s.sófi	8	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	fös	já

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsinu.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá húsinu að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í því.

MUNAÐARNES



Sumarið 2024 standa félagfólki Kjalar til boða sex orlofshús, auk Birkihlíðar sem er orlofshús BSRB. Orlofssjóður Kjalar á að auki tvö hús, Eyrarhlíð 36 og Eyrarhlíð 53, sem ekki verða í út-leigu í sumar en í stað þeirra fær félagsfólk aðgang að tveimur húsum á Illugastöðum í Fnjóskadal. Húsin tvö við Eyrarhlíð verða hins vegar í vetrarleigu.

Í Munaðarnesi er eitt best búna orlofshúsasvæði landsins. Þar eru þjónustumiðstöð, leikvöllur fyrir börn, gervigrasvöllur til knattspyrnuíðkunar minígolf, hægt er að velja um fjölda

fallegra gönguleiða í nágrenninu og stutt er í verslun og þjónustu, m.a. sundlaug á Varmalandi, golfvelli og veiði. Heitir pottar eru við öll húsín.

Með öllum húsum Kjalar í Munaðarnesi fylgir aðgangur fyrir tvo á golfvöllinn Glanna. Aðrir gestir húsanna fá að spila á 50% afslætti.

Nettenging er opin eftir að lagður var ljósleiðari.

Eyrarhlíð 37


Húsið stendur nyrst í Eyrarhlíð. Í því er rúmstæði fyrir 6 manns í þremur herbergjum, þar af eru tvö tvöföld rúm. Borðbúnaður og áhöld eru fyrir 8 manns.

Húsið hefur verið endurnýjuð að innan bæði hvað varðar innréttingar, rúm og stofuhúsgögn.



Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Eyrarhlíð 37: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 2.000.



Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði/svefnsofi	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/þurkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar	Pottur
Eyrarhlíð 53**	48,4	2	5	5	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	fös	já
Reynihlíð	132,8	4	8	8	nei	já	já/já	já	já/já	Já	já	fös	já
Stekkjjarhóll 63*	52	2	5	6	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	Stakir d.	já
Stekkjjarhóll 64	52	2	5/s.sófi	7	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	fös	já
Vörðúás 20	48,4	2	5	6	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	Stakir d.	já
Vörðúás 21	48,4	2	5	5	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	fös	já
Eyrarhlíð 36**	51,7	3	7	7	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	Stakir d.	já
Eyrarhlíð 37	51,7	3	7	7	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	Stakir d.	já

* Gestahús

** Húsið er eingöngu í vetrarleigu

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir öllum húsunum.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í þeim.


Stekkjjarhóll 63

Húsið er gestahús og staðsett við Stekkjarhól. Í því eru samliggjandi eldhús og stofa og tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum, auk koju í öðru þeirra. Að auki eru ferðadýna, 5 sængur og koddar. Borðbúnaður og áhöld eru í húsinu fyrir átta manns. Búið að endurnýja eldhús og bað en að öðru leyti er húsið upprunalegt.





Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

**Stekkjjarhóll 63: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000,
annar sólarhringur kr. 9.000,
þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 2.000.
Stekkjjarhóll 64, vika: kr. 31.000**



Stekkjjarhóll 64

Húsið er staðsett við Stekkjarhól. Í því eru samliggjandi eldhús og stofa og tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum, auk koju í öðru þeirra. Barnarúm er í húsinu og stór svefnsófi í stofu. Borðbúnaður og áhöld eru í húsinu fyrir 8 manns.




Reynihlíð



Reynihlíð er flaggskip orlofssjóðs Kjalar stéttarfélags í Munaðarnesi og jafnframt stærsta hús félagsins á svæðinu. Lokið var við verulegar endurbætur á húsinu árið 2022 og má segja að það sé eins og nýtt að utan sem innan.

Í húsinu eru samliggjandi eldhús og borðstofa sem rúmar 16 manns í sæti. Stofan er einnig rúmgóð með setustofu og sjónvarpsrými. Fjögur svefnherbergi eru á herbergjagangi, þrjú með tvíbreiðum rúmum og eitt með 100 cm rúmi. Sjónvarp er í öllum herbergjum. Tvö baðherbergi eru í húsinu, annars vegar lítil gestasnyrting en í hinu eru þvottavél og þurrkari auk snyrtingar og sturtu. Gengið er út úr baðherberginu að potti. Borðbúnaður og áhöld eru í húsinu fyrir 16 manns.



Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Reynihlíð, vika: kr. 50.000

Fyrsti sólarhringur kr. 20.000, annar sólarhringur kr. 15.000, þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 3000.



Útilegur og veiði



Útilegukortið

Útilegukortið gefur félagsmönnum kost á að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt. Útilegukortið 2024 kostar kr. 17.000. Er eingöngu hægt að nálgast á orlofsvef Kjarar. Það veitir aðgang að 40 tjaldsvæðum á landinu og gildir fyrir tvo fullorðna og fjögur börn undir 16 ára aldri í 28 nætur yfir tímabilið. Gildir um tjöld, tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. Kortið veitir einnig afslátt af vöru og þjónustu hjá stöðvum Olís og ÓB. Kortið er sent til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum. Upplýsingar um tjaldsvæðin er hægt að nálgast á heimasíðu Útilegukortsins.

Kaupa/5 punktar

Veiðikortið

Veiðikortið er góður valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Það stendur félagsmönnum til boða á kr. 5.000 á orlofsvef Kjarar. Með Veiðikortinu er hægt að veiða ótakmarkað í 37 veiðivötnum víðsvegar á landinu. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Kortið, ásamt bæklingi, er sent til félagsmanna í pósti innan viku frá kaupum. Gildistími kortsins er árið 2024.

Kaupa/3 punktar

Hver eru réttindi mín?

Samkvæmt lögum og kjarasamningum eiga allir launþegar rétt á orlofi. Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs. Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi. Ítarlegar upplýsingar um gildandi reglur samkvæmt lögum og kjarasamningi er að finna á heimasíðu Kjarar.

Framleiga óheimil

Félagsfólki er almennt óheimilt að framselja leigurétt sinn eða framleigja orlofshúsnæði félagsins án samþykkis félagsins og það sama gildir um fjölskyldumeðlimi. Verði leigutaki uppvís að slíku eða broti á reglum sem um húsin gilda, og birtar eru á orlofsvef Kjarar, getur það kostað sektir eða útilokun á aðgengi að orlofsvefnum.

Orlof og veikindi fara ekki saman

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til vinnustaðarins eins fljótt og við verður komið, til að forðast eftirmála. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma en á orlofstímabilinu (1. maí til 15. sept. hjá ríki, 15. maí til 30. sept. hjá sveitarfélögum og öðrum) en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næsta ár á eftir.


Vörðuás 20

Húsið er staðsett við Vörðuás nálægt þjónustumiðstöðinni. Í húsinu eru samliggjandi stofa og eldhús, tvö herbergi með tvíbreiðum rúmum og barnaköja í öðru þeirra. Borðbúnaður og áhöld eru í húsinu fyrir sex manns.

Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september


Vörðuás 20: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 2.000.

Vörðuás 21, vika: kr. 31.000



Vörðuás 21

Húsið er staðsett við Vörðuás, nálægt þjónustumiðstöðinni. Húsið hefur nýlega verið endurnýjað að innan. Í því eru samliggjandi stofa og eldhús, tvö herbergi með tvíbreiðum rúmum og barnaköja í öðru þeirra. Borðbúnaður og áhöld eru í húsinu fyrir sex manns.





VARMAHLÍÐ



Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Reykjahólsvegur 8, vika: kr. 31.000

Húsið er við Reykjarhólsveg 8 í orlofshúsakjarna fyrir ofan byggðina í Varmahlíð í Skagafirði. Verslun, sundlaug, veitingasala og önnur þjónusta er því í næsta nágrenni og fjölbreyttir möguleikar í lengri sem styttri ferðum á svæðinu. Næsti golfvöllur er við Sauðárkrók.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og auk þess svefnloft. Rúmstæði eru fyrir 6-7 manns (tvö tvöföld rúm: 160x200, 120x200 + tvær efri kojur) og auk þess fjórar rúmdýnur á svefnlofti. Við húsið er stór verönd með heitum potti. Húsbúnaður er fyrir 12 manns.



Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/þurkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar	Pottur
Reykjahólsv. 8	69,2	3/svefnl. 8/4 á lofti	8	nei	já	já/já	já	já	já	Já	já	fös	já

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsinu.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá húsinu að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í því.




AKUREYRI, KJARNASKÓGUR OG VAÐLABORGIR

Hólmatún 7

Íbúðin er á annarri hæð fjórbylishússins við Hólmatún 7 í Naustahverfi á Akureyri. Í næsta nágrenni eru matvöruverslun og golfvöllur, sundlaug í göngufæri og greið leið í miðbæ Akureyrar.

Rúmstæði eru fyrir sjö í þremur herbergjum (tvö tvöföld rúm 180x200, 120x200 og 80x200). Tvær rúmdýnur eru aukalega í

íbúðinni, sem og barnarúm. Sængur og koddar eru fyrir átta en gestir þurfa að hafa meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar. Íbúðin er búin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Bókun er á orlofsvef en félagsmenn á Akureyri geta þó ekki bókað íbúðina í gegnum hann.



Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/þurrkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar	Pottur
Hólmatún 7	97	3	6	6	nei	já	já/já	já	já/já	já	já	Stakir d.	nei
Kjarni Gata mán. 7	72	3	7	7	nei	já	já/já	já	já	Já	já	fös	já
Vaðlaborgir	85,4	3	8	8	nei	já	já/já	já	já	Já	já	fös	já

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir íbúðinni / húsunum.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá íbúðinni / húsum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í þeim.

Kjarni, Kjarnaskógi

Húsið er staðsett í sumarhúsabyggð í Kjarnaskógi í jaðri Akureyrar. Snyrtilegt og vel búið hús með samliggjandi eldhúsi

og stofu. Í húsinu eru þrjú herbergi, eitt tvíbreitt rúm, tvö einbreið og kojur. Ferðarúm er í húsinu.



Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Kjarni, Gata mánans 7, vika: kr. 31.000

Vaðlaborgir, vika: kr. 31.000

Hólmatún 7, vika: kr. 31.000



Einnig er í boði sólarhringsleiga: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 2.000.




Vaðlaborgir

Sumarhúsabyggðin Vaðlaborgir er í Vaðlaheiði gegnt Akureyri. Viðsýnt er þaðan um Eyjafjörð og örstutt til Akureyrar þar sem eru fjölbreytt þjónusta, verslanir, veitingastaðir og affreying. Á Eyjafjarðarsvæðinu er fjöldi safna, sundlaugar, golfvöllir, merktar gönguleiðir og margt fleira fyrir ferðafólk.

Húsið er á einni hæð og eru í því þrjú herbergi og allur nauðsynlegur húsbúnaður. Rúmstæði eru fyrir átta (tvö tvöföld rúm: 180x200 og 140x200 + tvær efri kojur) og eru í húsinu átta sængur og koddar. Hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar. Vönduð 76 fm verönd á tveimur pöllum er við húsið og heitur pottur.



ILLUGASTAÐIR




Hús í orlofsbyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal hafa notið vinsælda síðustu ár og þar bjóðast félagsfólki tvö hús í sumar.

Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum á sér áratuga sögu og hefur notið mikilla vinsælda sem dvalarstaður í orlofi, hvort heldur að sumri eða vetri. Þjónustumiðstöð er á Illugastöðum og leikvöllur með skemmtilegum leiktækjum fyrir börnin, m.a. ærslabelg. Stutt er í Vaglaskóg þar sem miklir

möguleikar eru til gönguferða. Stutt er til Akureyrar í gegnum Vaðlaheiðargöng og margt að skoða í næsta nágrenni.

Húsin eru nr. 1 og 15 í orlofshúsabyggðinni, 45 fermetrar að stærð á einni hæð. Í þeim eru tvö herbergi, svefnrými fyrir 8 í öðru húsinu og 9 í hinu. Húsbúnaður miðast við þennan fjölda. Góð verönd er við húsin og heitur pottur við þau bæði.



Hús og búnaður



	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/púrkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar	Pottur
Illaugastaðir 1 *	45	2	6/s.sófi	8	nei	já	já	já	Já í þjón.hús	Já	já	fös	já
Illaugastaðir 15 *	45	2	6/s.sófi	9	nei	já	já	já	Já í þjón.hús	Já	já	fös	já

* Húsin eru eingöngu í sumarleigu 2024

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsunum.


Gestir þurfa að þrifa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í þeim.



Sumarleigutímabil: 7. júní - 23. ágúst

Illugastaðir 1, vika: kr. 31.000

Illugastaðir 15, vika: kr. 31.000





EIÐAR OG ÚLFSSSTAÐASKÓGUR

Félagsmönnum Kjalar standa þrjú hús til boða á orlofshúsasvæðinu að Eiðum á Fljótsdalshéraði. Um er að ræða hús nr. 3, 7 og 8 í hverfi þar sem eru í heild 17 orlofshús. Húsin eru staðsett á einstaklega skemmtilegu kjarrivöxnu landi við Eiðavatn og þeim fylgir aðgangur að árabát og björgunarvestum fyrir börn og fullorðna. Nettenging er opin eftir að lagður var ljósleiðari.



Nú standa yfir framkvæmdir við hitaveitu á Eiðum og er verið að setja heita potta við húsin.

Átta holu frísbíggjvöllur er á svæðinu og púttkarfa en einnig hafa verið lagðar skemmtilegar gönguleiðir á svæðinu.

Ekki þarf að fjölyrða um náttúrufegurð Fljótsdalshéraðs. Um 14 km eru í verslun og fjölbreytta þjónustu á Egilsstöðum og fjöldi áhugaverðra staða er í næsta nágrenni, merktar gönguleiðir og golfvöllur í Fellabæ.

Hús nr. 3

Í húsinu eru tvö svefnherbergi og rúmstæði fyrir 5 manns (tvö tvöföld rúm + efri kaja). Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsinu. Sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar.



Sumarleigutímabil: 1. júlí - 6. september

Eiðar 3, vika: kr. 31.000

Eiðar 8, vika: kr. 31.000

Eiðar 7, vika: kr. 31.000

Einnig er í boði sólarhringsleiga: Fyrsti sólarhringur kr. 12.000, annar sólarhringur kr. 9.000, þriðji til sjöundi sólarhringur kr. 2.000.



Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði/dýnur	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/þurkari	Gasgrill	Upphvottavél	Skiptidagar	Pottur
Eiðar 3	54	2	5	5	nei	já	já/já	já	nei	Já	já	fös	já*
Eiðar 7	54	3	6	6	nei	nei	já/já	já	nei	Já	nei	Stakir d.	já*
Eiðar 8	54	2	5	5	nei	já	já/já	já	nei	Já	ja	fös	já*
Úlfssstaðaskógur	47,6	2/svefnl.	4/4 á lofti	8	nei	já	já/já	já	nei	Já	nei	fös	já

*Hitaveita og heitir pottar frá 1. júlí 2024


Hús nr. 8

Í húsinu eru tvö svefnherbergi og rúmstæði fyrir 5 manns (tvö tvöföld rúm + efri kaja). Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsinu. Sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar.




Hús nr. 7

Í húsinu er rúmstæði fyrir 6 manns (eitt tvöfalt rúm + kofur). Tvær auka rúmdýnur, sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, borðklúta, salernispappír, og þess háttar. Allur nauðsynlegur húsbúnaður og stór verönd. Húsið er í upprunalegu ástandi en stefnt er að endurbótum ef til þess fást iðnaðarmenn.



Úlfsstaðaskógur á Héraði

Húsið er staðsett í skógarlundi á Úlfsstöðum á Héraði. Í því eru samliggjandi eldhús og stofa og tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmmum. Auk þess dýnur á svefnlofti. Því geta 8 manns auðveldlega gisti í húsinu og er húsbúnaður í samræmi við það.



Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Úlfsstaðaskógur, vika: kr. 31.000

BLÁSKÓGABYGGÐ

Lyngás

Húsið stendur við Skógarbraut 5 í orlofshúsabyggðinni í Reykjaskógi, Efri-Reykjum í Biskupstungum, mitt á milli Geysis og Laugarvatns. Akstursfjarlægð frá Reykjavík er um 95 km. Hús í byggðinni eru bæði í eigu félagasamtaka og einkaaðila. Sameiginlegur barnaleikvöllur er í hverfinu. Þjónustumiðstöð er ekki í orlofshúsabyggðinni en verslun, sundlaug og önnur þjónusta er á Laugarvatni.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með rúmstæðum fyrir samtals níu (möguleiki á tveimur tvöföldum rúmum) og allur nauðsynlegur húsbúnaður. Tvær auka dýnur eru í húsinu, sængur og koddar. Hafa þarf meðferðis sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, borðklúta, salernispappír og þess háttar. Pottur er við húsið. Gæludýr eru leyfð.

Sumarleigutímabil: 31. maí - 6. september

Lyngás, vika: kr. 31.000



Hús og búnaður

Mínar síður
Orlofsvefur

	Stærð í m²	Herbergi	Svefnstæði/dýnur	Sængur/koddar	Sængurfatnaður	Eldvél m/ ofni	Sjónvarp/net	Sturta	Þvottavél/purkari	Gasgrill	Uppþvottavél	Skiptidagar	Pottur
Lyngás	68	3	9	9	nei	já	já/já	já	Já/nei	Já	já	fös	já

Allur venjulegur húsbúnaður fylgir húsunum.

Gestir þurfa að þrifa og ganga frá húsunum að dvöl lokinni. Leiðbeiningar um frágang eru í þeim.



Góð umgengi – hrein skemmtun!

Munum að orlofshúsin eru okkar sameign.

Göngum vel um húsin og skiljum við þau
eins og við viljum koma að þeim.

Njótið sumarleyfisins.